Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bergsveinn Jónsson

Bjarni Benediktsson – Bergsveinn Jónsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 1/11 '38

Hr. Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Jeg væri fyrir löngu hættur að reyna að fá vinnu hjá bænum, ef jeg mætti ekki til.

Í alt sumar hefi jeg verið atvinnulaus. Ráðningaskrifstofa Reykjavíkur hefir sjeð sjer fært að láta mig fá 2ja daga vinnu og ofstækt mitt á sjálfstæðismönnunum í bæjarstjórninni hefir beinlínis komið í veg fyrir að jeg færi til Siglufjarðar í vinnu. Jeg treysti sem sje alveg á að hitaveitan myndi koma í sumar og jeg þorði ekki að fara norður, vegna þess, að jeg misti 3ja ára vinnu við Sogið, af því að jeg vjeði mig til Siglufjarðar, þegar skipið með efnið til Sogsvirkjunarinnar snjeri aftur, vegna verkfalls.

Skömmu eftir að jeg var byrjaður að vinna fyrir norðan, kom tilkynning heim, um að jeg fengi vinnu við Sogið, en þá var það of seint. Þetta þorði jeg ekki að láta koma fyrir aftur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annars hefi jeg mínar sjerstöku skoðanir á dugnaði bæjarstjórnar í þessu hitaveitumáli. Mjer finnst dálítið skrítið að Reykjavíkurbær skuli vera þar aumari, enn t. d. síldarsaltandi, sem fer á hausinn kanske ár eftir ár, skuli fá lánaðar tunnur og salt, en Rvík skuli ekki fá lánað efni til hitaveitunnar. Jeg sje ekki betur, en að það, sem er fram yfir efnislán í erlendum gjaldeyri, sje bara fje, sem gjaldeyrisnefnd fær til útbýtingar handa kaupfjelögunum, og sem bara eykur erfiðleika sjálfstæðismanna ef þeir einhverntíma taka við stjórn landsins og þurfa að standa skil á því. En þið eruð kanske hættir að reikna með því, að það verði nokkurn tíma.

Það var reyndar ekki þetta, sem jeg ætlaði að skrifa um, heldur hitt hvernig þú og Ráðningarstofan sjáið um að jeg ekki fái vinnu hjá bænum.

Jeg á konu (við erum reyndar ekki gift) og 2 börn. Mjer er ekki kunnugt um, hvernig Ráðningarstofan úthlutar vinnunni yfirleitt, en 3 menn þekki jeg persónulega, sem haft hafa vinnu gegnum hana í sumar. Einn þeirra er einhleypur (hann er enn að vinna), annar er giftur, á engin börn og konan var í kaupavinnu í sumar. Sá þriðji hefir einn ómaga og hefir, eftir því sem jeg veit best, aldrei á æfinni (hann er um fimmtugt) verið atvinnulaus fyr en í vor og þá í 3 vikur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar jeg hefi þessi dæmi fyrir mjer, þá finst mjer að Ráðningastofan hafi níðst á mjer sjerstaklega. Enda er þetta búið að gera konuna mína að kommunista (án þess að hún viti þó hvað það er).

Hvað því viðvíkur að jeg hafi verið óreglusamur þá hefir því ekki til að dreyfa í sumar, enda helst átt sjer stað þegar jeg hefi verið atvinnulaus og þessvegna ekki komið niður á vinnunni.

Í ágúst í sumar frjetti jeg að manni yrði bætt ~~bætt~~ við, við innheimtuna hjá rafmagnsveitunni. Jakob Möller lofaði að reyna að hjálpa mjer til að fá þetta, og vonin um að úr því yrði, hefir haldið mjer uppi fram að þessu.

Nú er þessi von orðin að engu, vegna þess að því varst á móti mjer. Jeg hefi aldrei ætlast til neins af fyrverandi skólabræðrum mínum, hvorki góðs nje ills, en að minsta kosti ekki ills.

Þegar jeg sótti um vinnu við sundhöllina, sagðir þú að það væri ekkert í það varið fyrir mig, af því að kaupið yrði svo lágt. Hvað því viðvíkur, að kaup sje of lágt fyrir mig, vil jeg segja það, að 14. okt. fjekk jeg 2ja daga vinnu, og fyrir hana kr. 29.00. Af þessum peningum borgaði jeg rafmagn fyrir 2 mánuði og keypti kol, og á afgangnum höfum við svo lifað þangað til í dag.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það versta við þetta alt, er að það kemur harðast niður á öðrum en mjer, stúlku, sem heldur vill hálfsvelta heldur en skilja við mig.

Þó ótrúlegt sje, hefi jeg haft það einna best fimann, sem atvinnubótavinnan stendur yfir, vegna þess að þeir rauðu hafa úthlutað mjer vinnu alveg eins og öðrum.

Þessvegna er það andstyggilegt að geta ekki annað en verið í flokki, þar sem forráðamennirnir gera manni lífið eins erfitt og hægt er, og þurfa að lofa þá og prísa þegar rauðu svínin eru að reyna að níða þá niður. Það er alveg eins og þið finnið á ykkur, hvað sumir menn eru sandtryggir sjálfstæðismenn og vitið hvað óhætt er að vanrækja þá.

Þegar jeg hitti ~~rauðu verk~~ verkamennina, sem jeg vann með í fyrra, og sem þóttust vera sjálfstæðismenn fyrir kosningarnar, Þá segja þeir: „Ert þú ekki í vinnu, sjálfstæðismaðurinn". Svo draga þeir sínar ályktanir, hve gott sje að fylgja Sjálfstæðisflokknum.

Eru aðferðir sjálfstæðismanna svo andstæðar aðferðum rauðu flokkanna, að vegna þess að þeir (rauðliðar) hlaði undir og hjálpi sínum flokksmönnum, þá þurfi sjálfstæðismenn að gera sínum fylgismönnum alt sem erfiðast.

Virðingarfylst,

Bergsveinn Jónsson

Bergst. str. 6a

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur